

degi til greiðsludags auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur lögheimili að Garðarflöt 7 Garðabæ, en hefur aðsetur í Garði, er ekki viðstaddur.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógæti löghald á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 í fjárkröfu gerðarþola á hendur Gylfa S. Guðmundssyni skv. Hæstaréttardómi nr. 312/1986. Gylfi er mættur í réttinum og leggur fram tækka að fjárhæð kr. 305.008,00 með fyrirvara um endurútreikning kröfunnar. Fógæti tók tékkann í sína vörslu. Fallið var frá virðingu. Fógæti skýrir þýðingu gerðarinnar og kveðst skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Mánudaginn 4. júlí 1988.

Nr. 193/1988.

Ákærvaldið

gegn

**þæjarfógetanum á Akureyri og
Valgarði Óla Jónassyni**

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 18. apríl sl., en þann dag fékk hann vitneskju um dóminn, sem upp var kveðinn 24. febrúar sl. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali útgefnu 31. júlí 1985 á hendur varnaraðila, Valgarði Óla Jónassyni.

Varnaraðili, Valgarður Óli Jónasson, hefur krafist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur, en frá bæjarfógetanum á Akureyri hefur engin greinargerð borist.

Meðal sakargagna málsins er reikningsyfirlit yfir úttektir varnaraðila samtals 403.302,22 krónur. Honum var fyrir lögreglu kynnt krafa kærandsans samkvæmt skjalinu og kvaðst hann „ekki draga í efa að þetta sé rétt tala, úttektir hans á tímabilinu hafi verið þetta miklar“. Þykja þannig engir þeir annmarkar vera á ákæru í máli þessu, að dómari mætti synja að láta birta ákærana og þingfesta að því búnu málið á hendur varnaraðila, Valgarði Óla, eftir því sem fyrir er mælt í 3. mgr. 115. gr. og 121. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 19. gr. og 23. gr. laga nr. 107/1976.

Samkvæmt framanrituðu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að birta varnaraðila, Valgarði Óla Jónassyni, ákæruskjal í málinu og taka málið til dómsmeðferðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að birta varnaraðila, Valgarði Óla Jónassyni, ákæruskjal, útgefið 31. júlí 1985, og taka málið til dómsmeðferðar.

Dómur sakadóms Akureyrar 24. febrúar 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 24. febrúar er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er að Hafnarstræti 107, Akureyri, af Ólafi Ólafssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 677/1988: Ákærvaldið gegn Valgarði Óla Jónassyni.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 29. janúar sl., er höfðað með ákæruskjali rikissaksóknara, dagsettu 31. júlí 1985, „á hendur Valgarði Óla Jónassyni sjómanni, Langholti 20, Akureyri, fæddum þar í bæ 21. desember 1960, fyrir umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með því að misnota Visa-greiðslukort sitt nr. 4507-4100-0001-4341, sem ákærði hafði hinn 18. apríl 1985 fengið afhent fyrir milligöngu og ábyrgð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis með úttektarheimild að fjárhæð kr. 35.000,- eða US\$ 1.500,-, með því að taka út á greiðslukortið á tímabilinu 19. apríl til 5. maí 1985 fyrir samtals kr. 403.302,22 og US\$

5.954,82 og síðan látið hjá líða að tryggja greiðslu á skuldinni á umsömdum gjaldþaga þar á eftir.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Hinn 24. maí 1985 kærði Hrafnhildur Karlsdóttir bankaritari f.h. Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis ákærða, Valgarð Óla Jónasson, Langholti 20, Akureyri, til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir óheimila úttekt á Visakorti. Kærandi kvað ákærða hafa sótt um Visakort í apríl 1985 og fengið það afhent, líklega 18. apríl það ár. Kærandi kvað ákærða þegar hafa notað Visakortið og stofnað til skuldar að fjárhæð rúmlega 400.000,- krónur og þannig farið langt umfram úttektarheimild sína er var kr. 35.000,-. Lagði kærandi fram ljósrit af umsóknarblaði ákærða ofangreindu til staðfestu ásamt ljósritum af reikningsyfirlitum er sýndu einstakar úttektir.

Með framangreindri kærni fylgdi ljósrit af „umsókn um Visakort“, ákærða Valgarðs Óla fyrir úttektarheimild innanlands fyrir kr. 35.000,- og 1.500,- US\$ erlendis. Umsókn ákærða er samþykkt hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis - Pundið - hinn 17.04. 1985. Á umsóknarblaðinu er yfirlýsing ákærða þess efnis að hann hafi kynnt sér efni samnings á bakhlið umsóknarinnar og að hann samþykki hann að öllu leyti og skuldbindi sig til þess að nota greiðslukortið í samræmi við reglur hans og skilmála.

Eigi fylgdi með kærinni samningur sá er vitnað er til hér að framan. Þá er dagsetning undirskriftar ákærða svo og afgreiðsludagsetning greiðslukortsins illlæsileg á áður nefndu ljósriti. Sama gildir um númer greiðslukorts er ákærða var afhent, en samkvæmt reikningsyfirlitum og skýrslu ákærða fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins var það númer 4507-4100-0000-4341.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107, 1976, fer lögreglan (Rannsóknarlögregla ríkisins) með frumrannsókn mála. Markmið frumrannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að handhafa ákærvalds sé fært að ákveða að henni lokinni hvort opinbert mál skuli höfðað og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Í máli þessu liggja eigi fyrir úttektarseðlar ákærða með undirskrift hans né heldur ljósrit þeirra, aðeins áður greind reikningsyfirlit yfir viðskiptin. Að mati dómsins þykja úttektarseðlarnir vera slík undirstöðugögn í málinu, að ekki hafi verið viðhlitandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar eins og á stóð, án þess að leggja þá fram við rannsókn málsins og bera þá undir ákærða, þó svo að ákærði hafi í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ekki dregið í efa fjárkröfur kæranda. Byggir dómurinn þetta á 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 13. og 19. gr. laga nr.

107, 1976. Ber því þegar af þessari ástæðu einni að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi Akureyrar.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 6. júlí 1988.

Nr. 169/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Jóhannesi Hólm Reynissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Fjárdráttur. Brot í opinberu starfi. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjað er tveimur héraðsdómum á hendur ákærða, annarsvegar dómi sakadóms Árnassýslu 23. desember 1986, með stefnu 14. maí 1987, að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins, og hinsvegar dómi sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987, með stefnu 13. nóvember 1987. Brot það, sem ákærða er gefið að sök í síðara málinu, er framið áður en dómur gekk í héraði í hinu fyrra. Eru málin því sameinuð í Hæstarétti og dæmd í einu lagi. Dómkröfur ákærvaldsins eru þær, að hinir áfrýjuðu dómur verði staðfestir, þó þannig að refsing ákærða verði þyngd.